

# Ársskýrsla Fríðuhúss fyrir árið 2014

## Starfsemin

Í apríl fékkst leyfi fyrir tvo einstaklinga í viðbót þannig að nú er leyfi fyrir 17 einstaklinga í Fríðuhúsi. Eins og áður hefur verið unnið eftir markmiðum dagþjálfunar Fríðuhúss og lögð áhersla á að styrkja og efla einstaklinginn samhliða því að veita honum öryggi og vellíðan. Skjólstæðingar og aðstandendur hafa almennt verið mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeim hefur verið veitt hér.

## Starfsmenn

Þroskaþjálfari er var í 90% vinnu fór í fæðingarorlof á árinu og kemur til starfa aftur í byrjun september 2015. Annar þroskaþjálfari var ráðinn s.l. haust.

Í árslok starfa hér 1. hjúkrunarfræðingur í 100% vinnu (1 stöðugildi) sem sinnir bæði starfi forstöðumanns og hjúkrunarfræðings. Einn sjúkraliði er í 100% starfi (1,0 stöðugildi), einn þroskaþjálfari í 100% starfi (1 stöðugildi) og fjórir ófaglærðir starfsmenn í samanlagt 2,4 stöðugildum. Alls gera þetta 5,4 stöðugildi en stöðugildin voru aukin þegar viðbótarleyfi fékkst fyrir 17. Skjólstæðinga.

Veikindadagar starfsfólks samanlagt yfir árið 2013 voru 127,5 dagar og 3 fjarvistadagar voru vegna veikinda barna.

Starfsfólkið fór allt á fræðslu á vegum heilabilunareiningar á LSH. Þroskaþjálfari sótti 3ja daga námskeið um klúbbastarf lífsneistans (Spark of Life Club Program). Í Kjölfarið innleiddi hún þetta klúbbastarf hér og hefur það gagnast starfinu mjög vel.

## Læknisþjónusta

Læknisþjónusta fyrir skjólstæðinganna hefur verið sinnt frá Landakoti og hefur Björn Einarsson, öldrunarlæknir séð um hana en Jón Snædal leyst hann af í fríum.

## Akstursþjónusta

Ferðaþjónusta Þórunnar hefur séð um akstur skjólstæðinga til okkar. Flestir nýta sér þessa þjónustu en þó keyra sumir aðstandendur sína hingað.

## Nemar

Nemar af félagsliðabraut frá Borgarholtsskóla hafa komið hér í kynningu. Einnig hefur verið töluvert um vetvangsheimsóknir frá heilbrigðisstarfsfólki sem hefur verið að kynna sér starfsemina.

## Ýmsar tölulegar upplýsingar um starfsemina

Á árinu 2014 hafa 29 einstaklingar nýtt sér þjónustuna hér í Fríðuhúsi, 9 karlmenn og 20 konur. Meðalaldur karlmanna var 84 ár ( yngsti 73 ára og elsti 92 ára) og meðalaldur kvennanna var 81 ár (yngsta 64 ára og elsta 94 ára). 19 bjuggu með maka, 8 einir og tveir skjólstæðingar deildu húsnæði með börnum sínum.

Ellefu einstaklingar innrituðust á árinu og meðalbiðtími þeirra eftir plássi hér í Fríðuhúsi var 4.7 mánuðir. Einn þeirra sem innritaðist á árinu ákvað að hætta eftir 6 mánuði þar sem honum fannst þetta úrræði ekki henta sér. Í lok árs 2014 voru 22 einstaklingar innskrifaðir, 5 karlmenn og 17 konur. Af þeim eru 15 alla daga vikunnar, fjórir einstaklingar fjóra daga, einn einstaklingur í þrjá daga, einn einstaklingur er 2 daga í viku og 1 einstaklingur kemur einn dag í viku.

Meðalviðverutími á dag hjá þeim sem eru innritaðir í lok árs er 6,5 klst.

Af þessum 22 einstaklingum sem eru innskrifaðir í lok árs 2014 hefur einn verið síðan 2008, einn síðan 2009, einn síðan 2010, einn síðan 2011, einn síðan 2012, 8 síðan 2013 og 9 einstaklingar innrituðust 2014

Gerðar voru 10 umsóknir um færni- og heilsumat (FHM) á árinu og allar samþykktar. Meðalbiðtími eftir plássi á hjúkrunarheimili eftir að samþykkt á FHM lá fyrir voru rúmir 4 mánuðir hjá þeim sem fóru á hjúkrunarheimili á árinu. Í árslok eru 5 einstaklingar sem eru komnir með samþykkt FHM og eru að bíða eftir hjúkrunarheimili.

Á sjúkrahús lögðust tímabundið inn 4 einstaklingar á árinu í samtals 123 daga.

Í skammtímainnlagnir fóru 9 einstaklingar og fóru sumir oft en einu sinni, alls 20 innlagnir í samtals 443 daga.

Af þeim 29 einstaklingum sem voru hér á árinu fengu 20 aðstoð frá heimaþjónustunni. Sumir oft á dag og aðrir x1. Sumir fá aðstoð við að koma sér af stað á morgnanna, aðrir við eftirlit eftir að heim er komið og töluvert margir fá auk þess aðstoð við þrif.

Á árinu útskrifuðust 7 einstaklingar héðan úr Fríðuhúsi og var meðaldvalartími þeirra 18,3 mánuðir. Fimm fóru beint á hjúkrunarheimili, einn lagðist inn á sjúkrahús og fór þaðan síðar á hjúkrunarheimili. Einn einstaklingur ákvað að hætta eftir 6 mánuði því honum fannst þetta úrræði ekki henta sér.

### **Húsnæði**

Dagþjálfunin leigir húnæðið hér við Austurbrún af FAAS. Miklar endurbætur voru gerðar bæði utan- og innandyra á húsinu árið 2013. Allur aðbúnaður er því góður.

### **Gjafir**

Guðmundur Björgvinsson, sonur eins skjólstaðings hér, safnaði áheitum fyrir Fríðuhús og safnaðist 79.500 sem keypt var fyrir myndavél og góður hátalari.

Eiginkona eins skjólstaðingsins gaf starfsmannafélaginu 100.000 sem eyrnamerkur er væntanlegri námsferð starfsfólks vorið 2015.

### **Lokaorð**

Að fá viðbótarleyfi fyrir tvo skjólstaðinga breytir miklu fyrir reksturinn og gerir hann auðveldari.

Verið er að vinna að því að fá leyfi fyrir að hafa nokkrar hænur í bakgarðinum sem skemmtilegt verður að takast á við.

Það er von okkar að hægt verði að senda alla starfsmenn hússins á námskeið um klúbbastarf lífsneistans (Spark of Life Club Program) og starfið skipulagt betur út frá því á næsta starfsári.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjöl:

- Aldursdreifing skjólstaðinga í Fríðuhúsi í lok hvers árs
- Tölulegar upplýsingar úr Fríðuhúsi

## Tölulegar upplýsingar úr Fríðuhúsi

	Innritun	Útskrift	Flutt á hj.heim	Flutt á LSH	Útskr.heim	Afp./hætt við
<b>2010</b>	13	11	7	4	0	0
<b>2011</b>	7	8	5	3	0	0
<b>2012</b>	6	7	4	3	0	0
<b>2013</b>	12	11	9	2	0	1
<b>2014</b>	11	7	5	1	1	0

Meðaldvalartími þeirra sem útskifuðust
18,5 mánuðir
21 mánuður
24,5 mánuðir
32,7 mánuðir

	bið e. Plássi í Fríðuhús	Fjöldi HFM	Meðal bið frá samþ HFM og þar til pláss fékkst
<b>2013</b>	8,8 mán	9	3 mán
<b>2014</b>	4,7 mán	10	4,3 mán